

# ÚTBOÐSSKILMÁLAR ÓVERÐTRYGGÐRA RÍKISVÍXLA

Útboð 13. júlí 2009

1. Fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, hefur ákveðið að bjóða út ríkisvíxla í samræmi við fjárlög fyrir árið 2009 og með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 43/1990, um láanasýslu ríkisins með síðari breytingum og samningi milli fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands um lánaumsýslu ríkissjóðs dags. 4. september 2007. Markmið útgáfunnar er að afla ríkissjóði fjár og bæta vaxtamynndun á innlendum skuldabréfamarkaði. *Útboðsdagur er mánudagur 13. júlí 2009. Greiðsludagur er miðvikudagur 15. júlí 2009.*

2. Í boði verða eftirfarandi flokkar ríkisvíxla:

Flokkur	ISIN	Lokagjalddagi
<b>RIKV 09 1116</b>	<b>IS0000019404</b>	<b>16.11.2009</b>

Seðlabankinn áskilur sér rétt f.h. ríkissjóðs til að samþykka öll tilboð sem berast, hluta eða hafna þeim öllum.

3. Ríkisvíxlarnir verða gefnir út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. og er nafnverðseining ein króna, þ.e. nafnverð og fjöldi eininga eru það sama. Ríkisvíxlar eru án verðtryggingar.
4. Einungis aðalmiðlurum ríkisverðbréfa er heimilt að gera tilboð. Lágmarksfjárhæð hvers tilboðs er ein milljón króna að nafnvirði. Boð skulu vera þannig að nafnverðið hlaupi á heilum milljónum króna.
5. Tilboð má einungis senda til Seðlabankans í gegnum Bloomberg-útboðskerfið milli kl. 10.00 og 11.00 á útboðsdegi (miðað er við staðartíma á Íslandi). Tilboð skulu sett fram í verðum, með þremur aukastöfum.
6. Ef tilboð berst ekki til Seðlabankans vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástæðna þá firrir Seðlabankinn sig allri ábyrgð. Aðilum er heimilt að fá staðfesta móttökum tilboða með símtali við Alþjóða- og markaðssvið Seðlabanka Íslands í síma 569 9633. Tilboð sem berast

til Seðlabankans merkt ákveðnum skjáum í Bloomberg-útboðskerfinu eru bindandi og á ábyrgð þess aðila sem skráður er fyrir skjánum. Heimilt er að afturkalla eða breyta tilboði, enda sé það gert í gegnum Bloomberg-útboðskerfið og berist Seðlabankanum fyrir kl. 11.00 á útboðsdegi. Ef vandamál verður vegna notkunar á Bloomberg-útboðskerfinu gilda skilmálar þeir sem falla undir „Form of Auction Process & BAS Back Up Memorandum“ sem send hafa verið aðalmiðlurum.

7. Ríkissjóður áskilur sér rétt til þess að hafna tilboðum í heild eða taka tilboðum að hluta.
8. Niðurstöður útboðsins verða tilkynntar til NASDAQ OMX á Íslandi og sendar aðalmiðlurum með tölvupósti.
9. Greiðsla fyrir ríkisvíxla skv. tilboðum sem tekið verður í útboðinu, þarf að berast Seðlabankanum fyrir kl. 14.00 á greiðsludegi, og verða bréfin afhent rafrænt sama dag. Berist greiðsla ekki á réttum tíma áskilur ríkissjóður sér rétt til að krefja tilboðsgjafa um hæstu lögleyfðu dráttarvexti fyrir þann tíma sem greiðsla dregst.
10. Ríkissjóður greiðir skuld skv. framangreindum ríkisvílxum á gjalddaga. Rísi mál út af ríkisvílxum þessum eða ágreiningi um túlkun skilmála má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991. Um fyrningu krafna gilda ákvæði laga um fyrningu ríkisvíxla nr. 93/1933.
11. Ríkisvíxlar eru stimpilfrjáls skv. lögum nr. 79/1983. Um skattskyldu eða skattfrelsi ríkisbréfa, svo og vexti af þeim, fer eftir ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt eins og þau eru á hverjum tíma. Ríkisvíxlar eru framtalsskyld.
12. Þessir ríkisvíxlar eru skráðir í NASDAQ OMX Norrænu kauphöll Íslands.